



Hugverkaráð Samtaka iðnaðarins

Starfsreglur

1. Tilvist

- Hugverkaráð starfar innan Samtaka iðnaðarins („SI“) sem vettvangur um málefni hugverkaiðnaðar og nýsköpunar.


2. Hlutverk

- Hlutverk ráðsins felst fyrst og fremst í því að móta stefnu og styðja við þau málefni sem eru sameiginleg fyrirtækjum sem starfa á alþjóðamörkuðum og/eða selja þjónustu og vörur sem byggja á hugviti, tækni og hugverkum.

3. Markmið

- Markmið Hugverkaráðs er að efla samkeppnishæfni hugverka- og tæknifyrirtækja á Íslandi með því að vera leiðandi afl í hagsmuna- og stefnumálum þeirra.

4. Skipan



- Hugverkaráð skipa 6 fulltrúar og 6 varafulltrúar. Stjórn hvers starfsgreinahóps á hugverkasviði SI skipar einn fulltrúa og einn varafulltrúa.
- Auk fulltrúa starfsgreinahópa á hugverkasviði eiga framkvæmdastjóri SI og sviðsstjóri hugverkasviðs SI sæti í Hugverkaráði.
- Fulltrúar og varafulltrúar Hugverkaráðs eru skipaðir til tveggja ára í senn.
- Stefnt skal að því að jöfn kynjahlutföll séu í Hugverkaráði.
- Framboð til formanns hugverkaráðs skulu berast Samtökum iðnaðarins tveimur vikum fyrir aðalfund.
- Framboð til varaformanns skulu berast tveimur vikum fyrir aðalfund. Varaformaður kemur fram sem formaður í fjarveru hans.



5. Fundir og skipulag

- Formaður Hugverkaráðs boðar til funda ráðsins í samráði við starfsmenn SI. Boðað skal til funda með minnst 7 daga fyrirvara.
- Hugverkaráð kemur saman til fundar fjórum sinnum á hverju starfsári, auk ársfundar.
- Tveir fulltrúar Hugverkaráðs ásamt formanni ráðsins mynda verkefnastjórn sem ber ábyrgð á að framfylgja stefnu og áherslum á milli funda. Verkefnastjórn er kosin á fyrsta fundi eftir ársfund.
- Hugverkaráð ber ábyrgð á forgangsröðun verkefna í þágu félagsmanna á hugverkasviði auk þess að leiða stefnu og áherslur í málum hugverkafyrirtækja og á sviði nýsköpunar.
- Fulltrúi hvers starfsgreinahóps í Hugverkaráði skal upplýsa Hugverkaráð um starfsemi og áherslur síns hóps auk þess að upplýsa stjórn starfsgreinahópsins um störf og áherslur Hugverkaráðs.
- Starfsmönnum SI og gestum er heimilt að sitja fundi ráðsins samkvæmt ákvörðun sviðsstjóra hugverkasviðs SI.
- Ársfund skal halda árlega, fyrir lok september. Boðað skal til ársfundar með minnst tveggja vikna fyrirvara.
- Allir félagsmenn á hugverkasviði SI skulu boðaðir til ársfundar.
- Á ársfundi er Hugverkaráð skipað auk þess sem formaður Hugverkaráðs gerir grein fyrir störfum liðins starfsárs.
- Komi til atkvæðagreiðslu um einstök mál á ársfundinum ræður meirihluti atkvæða úrslitum. Fulltrúi hvers félagsmanns SI á hugverkasviði fer með eitt atkvæði.

Starfsreglur þessar voru samþykktar og tóku gildi á ársfundi Hugverkaráðs þann 25. september 2019.